

Fyrsta úthlutun Miðborgarsjóðs 2017

Nr	Verkefni	Nafn	Samantekt	Sótt um kr	Umsögn	Tillaga að upphæð
2	Íbúasamtök Miðborgar, v/ Spennistöðvar	Íbúasamtök Miðborgar og Hlíða	Íbúasamtök Miðborgar sækja um styrk til verkefna í Spennistöðinni, félags- og menningarmiðstöðvar borgarinnar. Heil brú, smiður og málþing íbúa á laugardögum. Hverfisgöngur, í samvinnu við hverfisráð miðborgar. Starfrækja starfsemi Áttahagafélaga innflytjenda í Spennistöð.	5.500.000	Umsjón í Spennistöð: 900.000 Mál húsnefndar Spennistöðvarinnar um m.a. umsjón hússins er til meðferðar í borgarráði og því ekki hægt að styrkja þennan lið að svo stöddu Heil Brú: 1.750.000 Verkefnið hefur verið að fá styrk frá Hverfaráði og forvarnarsjóði síðast samtals 687þ fyrir 2017. Hverfisgöngur: 900.000 Verkefnið samræmist að öllu leyti stefnu miðborgarmála og eflir óformlegt samráð hagsmunaaðila í borginni, eflir öryggi og bætur gæði miðborgarinnar. Áttahagafélög innflytjenda: 1.200.000 Uppbygging Spenninstöðvarinnar er liður í eflingu miðborgarinnar sem íbúahverfis fyrir alla óháð þjóðerni. Þóknun fyrir fundarsetu: 750.000 Miðborgarsjóður styrkir ekki fundarsetu í nefndum þar sem Reykjavíkurborg greiðir einungis fyrir fundarsetu kjörinna fulltrúa í ráðum og nefndum á vegum borgarinnar í samræmi við samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa. Lagt er til að veittur sé styrkur til eins árs uppá 1.000.000 kr til til að styðja við Heil Brú, Hverfisgöngur og Áttahagafélög innflytjenda.	1.000.000
4	Slökun í borg	Thelma Björk Jónsdóttir	Slökunarstundir á mismunandi stöðum í miðborginni fyrir alla. Frá ágúst 2017- ágúst 2018 u.þ.b 15 viðburðir skv verkáætlun. Markmiðið er að slökun verði hluti af daglegu lífi borgarbúa og gesta borgarinnar. Að hluta til í samvinnu við Systarasamlagið. Markmið:Tengja saman og kjarna íbúa, starfsfólk og gesti. Efla sjálfskærleikinn, finna kyrrðina innra með okkur, anda og njóta, finna að hamingjan kemur innan frá, róa hugan og slaka á.	2.000.000	Verkefnið beinist að breiðum hópi óháð aldri, kyni, búsetu og undirstrikar þannig að miðborgin er miðborg allra landsmanna. Verkefnið leitast við að gefa fólki tæki til að takast á við krefjandi aðstæður sem fylgja því að búa eða starfa í þéttbýli með það mikilvæga markmið að fólki líði betur í borg. Verkefnið nýtir samkomurými miðborgarinnar, eins og Hörpuna, kirkjur, sundstaði á nýjan og óvæntan hátt. Lagt er til að verkefnið verði styrkt um 1.000.000 kr	1.000.000
6	Vefur Hverfablaðs Miðborgar og Hlíða	Með oddi og egg ehf.	Vefur hverfablaðs Miðborgar og Hlíða þar sem hægt er að birta tölublöð rafrænt.	618.000	Bætur samskipti við hagsmunaaðila og eykur upplýsingaflæði og bætur þjónustu. Kemur líka inn á vel tengd og vistvæn miðborg. . Lagt er til að verkefnið verði styrkt um 500.000 kr	500.000

7	Myndbönd um arkitektúr um miðborg Reykjavíkur	Arkitektafélag Íslands	Fimm myndbönd um arkitektúr og þróun bygginga í miðborg Reykjavíkur. Myndböndin mun fræða, auka samtal og vekja áhuga almennings á arkitektúr og sögu miðborgarinnar. Þeim yrði dreift á samfélagsmiðlum að mestu (facebook, youtube) og þannig er bæði hægt að ná til innlendra sem erlendra aðila. Vonast til að hægt sé líka að nota þau til kennslu í grunn og menntaskólum. Hugmyndavinna og handritagerð 6 mánuðir. Vinna og frágangur við hvert myndband 2 mánuðir (10 mán í heild) = 16 mánuðir í vinnslu.	5.000.000	Borgin gæti nýtt þetta til framtíðar til kynningar og fræðslu. Þetta fellur þetta vel að uppbyggingarsýningunni í Tjarnarsal og hægt væri að nota myndböndin þar. Líka hægt að nota til kynningar í samvinnu við Höfuðborgarstofu. Fellur vel að stefnunni þar sem þetta er efling á miðborgartengdum rannsóknum þar sem sérstaklega er tilgreint mikilvægi þess að halda skrá yfir á sögu, menningu og byggingararf í miðborginni.	2.000.000
13	Samtök um billausan lífsstíl - viðburðahöld og fræðsla	Björn Teitsson	Stuðningur við starf samtakana um billausan lífsstíl til viðburðarhalds og fræðslu og kosti fjölbreyttari samgönguhátta í og við Miðborg Reykjavíkur. Markmið á næsta starfsári að halda tvo málþing; eitt fjölmiðlaþing og annað með alþjóðlegum fyrirlesara sem þegar hefur samykkt að koma til Íslands með fyrirvara um formlegt boð og fjármagn til ferðalagsins. Eins er sótt um styrk til að efla alþjóðlega samvinnu við sambærileg samtök í Evrópu og Norður Ameríku.	500.000	Grænt verkefni sem fellur að stefnu Miðborgarsjóðs. Málþingið getur skilað niðurstöðum sem styður við vel tengda og vistvæna Miðborg.	400.000
16	Konur í Kaupmennsku - rannsókn	Miðbæjarfélagið í Reykjavík	Rannsókn á því af hverju færri konur koma að atvinnurekstri í miðbænum en karlar. Rætt við 12 konur, 6 núverandi rekstaraðila og 6 fyrrverandi. Könnuð verði viðhorf þeirra til atvinnurekstrar á svæðinu, hvað hafi áunnist og hvað með betur fara og þá hvernig mega efla þáttöku kvenna á svæðinu. Einnig rakin eldri saga atvinnurekstrar kvenna á svæðinu sem heimildir hrekkur til og hvernig þróunun hefur verið í tímana rás. Niðurstöður geta orðið inlegg í þjóðmálaumræðuna um jafnari stöðu kynjanna. Í niðurstöðum munu einnig koma fram tillögur að úrbótum sem geta orðið til þess að efla hlut kvenna í atvinnustarfsemi í miðborginni. Björn Jón Bragason, sagnfræðingur og lögfræðingur, myndi annast rannsóknina.	1.500.000	Rannsókn styður við Heildstæða Miðborg í stefnunni. Hægt væri að kynna niðurstöður og fá umfjöllun um rekstraraðila í miðborginni í tengslum við það. Hægt að styrkja heimildaöflun og aðra vinnu ritnefndar. Möguleiki er að dreifa og kynna skýrsluna rafrænt.	500.000

22	Miðborgin Okkar	Jakob Frímann Magnússon	miðborginni og markaðssetningu á henni sem miðstöð mannlífs, menningar, verslunar, þjónustu og stjórnsýslu. Beitir sér fyrir heildstæðri miðborg, að rekstraraðilar tali einni röddu útívið. Gerir rannsóknir og kannanir um afstöðu þeirra sem búa og starfa í miðborginni og tekur þátt í sameiginlegum verkefnum með Reykjavíkurborg. Það eru 130 meðlimir í samtökunum skv. félagatali og u.þ.b 20 að bætast við um næstu mánaðarmót. Um 2/3 eru að jafnaði í skilum með félagagjöld. Það eru 241 verslunar og þjónustuaðilar í miðborginni skv. rannsókn Rannsóknasetur Verslunarinnar frá 2015 svo þeir eru með um 62,24% rekstraraðila í	23.000.000	Miðborgin okkar hefur stuðlað að samstarfi rektraraðila í miðborginni síðastliðin ár og telur verkefnisstjórn mikilvægt að styðja það starf áfram. Miðborgin okkar sækir um sama styrk og þeir hafa fengið áður í gegnum prósentuhlut af tekjum bílastæðasjóðs eða 23 milljónir. Hægt væri að gera hagræðingar og nýta styrk frá borginni á hnitmiðaðri hátt til að styrkja starf og samstöðu rekstraraðila. Því er lagt til að veita þeim 65% af þeirri upphæð sem þeir sækja um og vera svo í öfluglu samstarfi við samtökin og skoða vel nýtingu á fjármunum á næsta ári áður gerður er þjónustusamningur. Þetta ætti að auka skilvirkni og efla samtökin og samstarfið við þau. Til viðbótar við veittan styrk fá samtökin aðstoð við tiltekin verkefni hjá verkefnastjóra miðborgarmála sem ætti að létta á verkefnum og rekstri samtakana.	Lagt er til að veittur sé styrkur að upphæð 15.000.000 til eins árs.	15.000.000
23	Skítamix	Valdís Steinarsdóttir	Nýsköpunarverkefni sem gengur út að að finna vistvænni leið við að halda hundaskít af götum borgarinnar. Plast hefur mjög skaðleg áhrif á náttúruna sem rökstyður hversvegna er mikilvægt að minna þá miklu plastnotkun sem fylgir hreinsun hundaskíts, sem skapar þá jafnvel meiri umhverfisvanda en það leysir? Verkefnið er því í senn rannsóknar og hönnunarverkefni þar sem atferli undaeigenda væri greint við hreinsun hundaskíts og nýjar vistvænni aðferðir skapar út frá þörfum undaeigenda og skipulagi Reykjavíkurborgar. Með stefnu Reykjavíkur í málefnum miðborgar til hliðsjónar yrði skapað heildrænt skipulag sem væri einfalt í framkvæmd. Leitast væri að efla íbúa í söfnun hundaskíts og ná til fjölbreytts hóps fólks við að gera miðborgina aðlaðandi með vistvænum hætti.	1.500.000	Verkefnið er viðtækt en fellur að stefnunni og nýtist miðborginni. Miðborgin sem fyrirmynd í umhverfisvænum verkefnum sem nýtistast svo borginni í heild.	Lagt er til að verkefnið verði styrkt um 500.000 kr	500.000
25	HLJÓMhrif	Lúpína ehf.	Verkefnið er afrakstur meistaraverkefnis Sölva Kristjánssonar frá Listaháskóla Íslands. Markmiðið er að skapa gagnvirkir umhverfi þar sem notandinn stígur inn í stóra útfærslu af hljóðmagnara og skapar þannig sín eigin hljómhreif út í umhverfið með því að tala, syngja, hvísla og jafnvel segja öll sín dýpstu leyndarmál. Frá byrjun hönnunar til verkloka eruð þetta 3-5 mánuðir. Verklok yrðu því í lok árs 2017.	4.100.000	Eykur fjölbreytni í miðborg og býður fólki uppá að virkja ímyndunaraflíð í hljóðsköpun. Býður upp á íslenska hönnun og hugvit í miðborginni. Til svipuð hönnun erlendis sem laðar að bæði heimafolk og ferðamenn t.d. Sjávarorgelið í Zadar, Silofón í Montreal, Píano stígnn í Odenplan Lestarstöði. Verkið Hljómhreif hefur skemmtilega sterka skírskotun til Hljómskálagarðsins (vonandi er hægt að staðsetja það þar), er interaktífur leikur fyrir alla, listrænt og kemur á óvart.	Lagt er til að verkefnið verði styrkt um 1.000.000 kr	1.000.000

26	Borgarhúsgögn	Lúpína ehf.	Lína af borgarhúsgögnum sem endurspegla og eru innblásin af umhverfi sínu í Reykjavík í annaðhvort formi, lit eða efnisvali. Vilja gjarnan fara lengra með þessa hugmynd og láta aðra staði eða byggingar í Reykjavík "tala við" hönnun þeirra á borgarhúsgögnunum. Verkin eiga að endurspegla helstu kennimerki síns nánasta umhverfis. Staðsetningar eru ákveðnar í samræði við óskir miðborgarinnar. Útfærslu og lokafrágangur bekkja tekur mið af staðsetningu. Áætlað er að verkefni frá byrjun hönnunar til verkloka sé 1 mánuður fyrir hverja staðsetningu. Kostnaður á bekk 1.3 mio og vilji til að gera þrjá slíka.	3.900.000	Hafa fengið styrki fyrir tveim húsgögnum hjá Torg í Biðstöðu (Borgarhönnun). Mjög vel heppnað verkefni en nú er Torg í Biðstöðu verkefninu að ljúka. Það er hagur á frekari samvinnu við þetta teymi til að byggja upp fjölnota rými. Falleg borgarhúsgögn auðga borgarrými, ýta undir sérkenni þeirra og stuðla að því að fólk nýti sér þau. Lagt er til að verkefnið verði styrkt um 1.000.000 kr	1.000.000
28	Endurheimt verslunar- og þjónusturými á jarðhæð - rannsókn	Tamara Kocan	Rannsókn sem felur í sér eftirfarandi: • Kortlagning á verslunar- og þjónusturýmum á jarðhæð sem hefur verið breytt í íbúðir. Rannsóknin nær til "miðborgarsvæðis" Reykjavíkur samanber "Stefnu miðborgarmála". • Rýmin skoðuð af teikningum og flokkuð eftir stærð, gæðum og fleiru. • Reynsla annarra borga skoðuð. Hvar má finna dæmi þess að íbúðum á jarðhæð sé breytt í verslun eða þjónustu? Hvaða aðstæður þurfa að vera fyrir hendi? • Aðstæður í Reykjavík skoðaðar. Hvaða áhrif hefur efnahags-, reglugerða- og skipulagsumhverfið á nýtingu umræddra rýma? • Tillögur settar fram um það hvernig má stuðla að endurheimt verslunar- og þjónustu á jarðhæð í miðborg Reykjavíkur. (Rannsóknin verður sett fram í prentuðu og rafrænu formi.)	1.000.000	Áhugaverð rannsókn sem styður við stefnuna. Rannsóknin gæti nýst til að gera tillögu að þeim svæðum þar sem í gildi eru starfsemiskvótar með það að markmiði að auka fjölbreytni í miðborginni í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið. Deild aðal- og svæðaskipulags hefði áhuga á að vera í samvinnu með þeim. Lagt er til að verkefnið verði styrkt um 1.000.000 kr	1.000.000

30	Rætur Reykjavíkur	Hannesarholt ses	Samvinnuverkefni almenninga, fræða og stofnana um söfnun og varðveislu hversdagssögu mannlífs og byggðar í Reykjavík á gagnvirku notendadrifnu vefsvæði. Hannesarholt, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Miðstöð munnlegrar sögu munu vinnan saman að því að skapa vettvang fyrir borgarbúa til að deila sögum og minningum. Einstökum húsum, götum, hverfum, persónum sem þar lifðu og hrærðust og sagnir því tengdar verða dregnar fram í dagsljósið og gefið nýtt líf. Fyrirmynd er PhilaPlace.org sem var komi á fót í Filadelfíu í Pennsylvaníu 2009 að undirlagi Sögufélags Filadelfíuborgar. 6 mánuðir í undirbúningsvinnu, samstillingu samstarfsaðila og kynningu fyrir almenningu ásamt uppsetningu vefsvæðis. Áætlað er að opna vefinn í apríl 2018 og hefja þá söfnun og úrvinnslu upplýsinga. Heildarkostnaður er 4,4 milljónir og sótt um 2 milljónir í miðborgarsjóð.	2.000.000	Um er að ræða kortlagningu á sögu borgarinnar á mannlegu máli og á aðgengilegum stað. PhilaPlace.org fyrirmyndin er mjög vel útfært dæmi. Fellur að stefnunni þar sem verkefnið eflir miðborgartengdar rannsóknir þ.m.t. að halda skrá yfir sögu og menningu í miðborginni.	1.000.000
						24.900.000

Tölfræðin		
Fjöldi umsókna	35	34% af heildarfjölda umsókna
Fjöldi samþykkt	12	
Sótt um	119.964.372	83% af sjóðnum
Veitt	24.900.000	

Unnið af Elísabetu Ingadóttur, verkefnastjóra miðborgarmála
4.9.2017